

Efla hf
Bergur Steingrímsson
Glerárgötu 32
600 Akureyri

Reykjavík 11. september 2019
UST201908-190/A.B.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Brú og stígur - Vesturkvísl Eyjafjarðará. Umsögn

Vísað er til bréfs Eflu verkfræðistofu dags. 21. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.


Fyrirhugað er að byggja 60 m langa brú á Vesturkvísl Eyjafjarðarár sunnan flugbrautar ásamt lagningu nýs útivistar- og reiðleiðar sem tengjast mun núverandi brú yfir Miðkvísl.

Núverandi stígur sem liggur sunnan og austan flugbrautar mun lokast vegna framkvæmda við Akureyrarflugvöll og mun því almenn umferð um það svæði leggjast af.


Framkvæmdin er að hluta innan svæðis á náttúruminjaskrá og er verndargildi svæðisins talið vera: „*Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.*“

Til þessa hafa ekki borist vísbendingar um að nýting svæðisins til útivistar eða framkvæmdir við svæðið hafi rýrt verndargildi þess. Varðandi framkvæmdir vill Umhverfisstofnun benda á að haga ætti framkvæmdum með þeim hætti að rask verði ekki utan framkvæmdasvæðis, verktími verði utan varptíma og að vandað verði til frágangs. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður ætti þegar við á, að leggja gróðurtorfur til hliðar og koma þeim fyrir á yfirborði í lok frágangs.

Virðingarfyllt



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri